



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Matreiðslumaður - matreiðsla

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Cook

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- er hæfur til að beita öllum fimmtán höfuðmatreiðsluaðferðunum jafnt í sígildri sem og nútíma matargerð með tilliti til hráefnis. Matreiðir með hliðsjón af hollustu og næringargildi og útbýr smekklega til framreiðslu
- hefur tileinkað sér meginstrauma í íslenski og alþjóðlegri matreiðslu. Getur matreitt að hætti ólíkra þjóða og menningarsvæða og sýnir skilning á tengslum matarhefða og menningar
- tekur á móti unnu og óunnu hráefni, flokkar það og metur ástand og gæði með hliðsjón af umbúðamerkingum, hitastigi og almennum gæðakröfum og gengur frá hráefninu til geymslu
- getur borið saman gæði árstíðabundinna hráefnistegunda með áherslu á uppskerutíma og ræktunaraðferðir
- aðlagar matreiðslu sína að neyslupörfum markhópa og einstaklinga. Setur saman matseðla eftir mismunandi tilefni og óskum viðskiptavina og leiðbeinir um val og röð rétta á matseðli
- sýnir viðskiptavinum sínum þjónustulund
- þekkir helstu áhrifaþætti fæðuofnæmis og fæðuóþols og viðbrögð gegn því
- sýnir sjálfstæð vinnubrögð, skipuleggur verkferla með tilliti til viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði. Útbýr pöntunar- og verkefnalista
- notar handverkfæri og hefur góða færni í skurði og meðferð á grænmeti, fiski og kjöti. Þrífur og sóttreinsar húsnæði og búnað samkvæmt stöðluðum hreinlætiskröfum.
- þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisbúnað og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
- ber virðingu fyrir faginu, hráefni og nýtingu þess og sýnir ábyrga afstöðu til sjálfbærni.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Matreiðslumaður matreiðir og útbýr rétti til framreiðslu. Matreiðslumaður starfar þar sem seldar eru veitingar í atvinnuskyni, s.s. á hótélum, veitingahúsum, kaffihúsum og farþegaskipum og þar sem matreiðsla er þjónustuþáttur við aðra starfsemi eins og í mótuneytum, á fraktskipum og á heilbrigðisstofnunum. Rétt til starfa í bakaraíðn eiga þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í matreiðslu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár annir, námstími samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 126 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p><b>Inngönguskilyrði</b> Grunnskólapróf</p> <p><b>Viðbótarupplýsingar</b> Frekari upplýsingar er að finna á: <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p> <p><b>Upplýsingamiðstöð í landinu</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p>
---